



10. stjórnarfundur L.H. í Bændahöllinni 10.10. 1990 kl. 16.30.

Mættir voru undirritaðir stjórnar- og varastjórnarmenn, einnig Hjalti Pálsson.

1. Rædd var tillaga um fækkun fulltrúa. Þar er annars vegar rætt um að fjölga félagsmönnum á bak við hvern fulltrúa úr 75 í 100 og þar með fækka fulltrúum, úr 127 í 101. Hins vegar hugmynd um, að allir hafi 2 fulltrúa 300 o.fl. fá 1 í viðbót, 400 o.fl. fá 2 í viðbót o.s.frv. Þetta er rætt að beiðni millipinganefndarinnar. Formaður gerði tillögu um að félagar bak við fulltrúa verði 100 í stað 75 áður. Samþykkt samhljóða.
2. Lagt fram álit millipinganefndar um endurskipulag fjórðungs og landsmóta. Þetta var rætt nokkuð, og það helsta var: Kvikmyndagerð og fjármögnun hennar, val á gæðingum, röðun þeirra í keppnisröð o.fl. atriði.
3. Farið var yfir tillögur, sem sendar hafa verið. Fram voru komnar 16 tillögur. Var efni þeirra rætt nokkuð.
4. Gunnar hóf máls á áningarhólfum, enda er nú sjóðurinn að tæmast. Óskaði hann eftir því, að það yrði rætt, hvort ætti að halda þessu áfram eða ekki. Talsvert hefur verið byggt af hólfum og innheimt var í sóðinn í 3 ár. Var þetta 25 kr. nefskattur. Það var samþykkt, að leggja til við þingið, að 30 kr. verði innheimtar af fullorðnum í þennan sjóð.
5. Kristbjörg spurði um Reiðhöllina og sagði Kári, að lítið hefði gerst í því máli.
6. Uppgjör vegna landsmóts er ekki komið. Formaður upplýsti að ágreiningur væri um kostnað vegna löggæslu.
7. Lagt fram bréf frá formanni Smára og formanni Sleipnis. Upplýst var að leiðrétting er komin á þessu og verður bréfiturum tilkynnt.
8. Formaður upplýsti að það hefði orðið að samkomulagi milli sín og Sig. Magnússonar að leggja það til við þing H.Í.S. að L.H. fengi 500.000 kr. styrk frá Í.S.Í. til að vinna skrifstofustörf fyrir H.Í.S.
9. Gunnar spurði um bókband á árgöngum Hestsins Okkar.

10. Rætt um að sæma Gunnar Bjarnason gullmerki L.H. Það stóð til á landsmóti, en gat ekki orðið vegna lasleika Gunnars. Samþykkt að greiða far fyrir Gunnar norður.
11. Hjaltiræddi um frekari útgáfu af Áföngum. Bæði austur um og vestur um. Málið virðist nú vera komið á skrið. Eitthvað vantar á, og er lagt til að greiða fyrir ritstörf ef á þarf að halda.
12. Stjórnin veitir formanni og gjaldkera umboð til að ganga frá reikningum og fjárhagsáætlun og leggja það fyrir stjórnarfund í upphafi þings.

Fundi slitið kl. 20.00

Kári Arnórsson  
Kristbjörg Eyvindsdóttir  
Kristmundur Halldórsson  
Elísabet Þórólfsdóttir  
Gunnar B. Gunnarsson

Guðmundur Jónsson  
Sigfús Guðmundsson  
Jón Bergsson.